

framan verður að líta svo á, að málmíðnaðarmenn hjá Slippstöðinni h/f. eigi rétt á að njóta sömu kjarabóta og aðrir félagsmenn. Er sú niðurstaða í bestu samræmi við meginstefnuna um samflot, heildarlausn og sömu kjarabætur fyrir alla, sem ríkjandi var í vinnudeilum ASÍ og VSÍ á sl. vori.

Það leiðir af þessari niðurstöðu, að taka ber kröfur stefnanda í málinu til greina nema kröfuna um málskostnað, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 15. desember 1992.

Nr. 13/1992. **Launanevnd sveitarfélaga**

v/Hafnarfjarðarbæjar

(Gunnar Eydal hrl.)

gegn

Fóstrufélagi Íslands

(Gestur Jónsson hrl.).

Kjarasamningur. Fóstrur.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Eiríkur Helgason og Gísli Gíslason.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. des. sl., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu út gefinni 6. nóvember sl.

Stefnandi er Launanevnd sveitarfélaga, Háaleitisbraut 11 - 13, Reykjavík, vegna Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, Hafnarfirði.

Stefndi er Fóstrufélag Íslands, Grettisgötu 89, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkennt verði með dómi, að með undirritun kjarasamnings Launanevndar sveitarfélaga f.h. viðkomandi sveitarfélaga og Fóstrufélags Íslands 12. ágúst 1992 og staðfestingu bæjarráðs Hafnarfjarðar á þeim samningi 20. ágúst 1992 og með samþykki meiri hluta viðkomandi félagsmanna í

Fóstrufélags Íslands í leynilegri atkvæðagreiðslu um samninginn 17. - 24. s.m., hafi stofnast kjarasamningur milli Launaneftndar sveitarfélaga vegna Hafnarfjarðarbæjar og Fóstrufélags Íslands. Jafnframt krefst stefnandi málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og að viðurkennt verði með dómi, að ekki sé í gildi kjarasamningur milli Fóstrufélags Íslands og Hafnarfjarðarbæjar. Jafnframt krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins og að við málskostnaðarákvörðunina verði tekið tillit til kostnaðar stefnda af virðisauka-skatti af keyptri lögmannsþjónustu.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að 12. ágúst 1992 var undirritaður kjarasamningur milli Fóstrufélags Íslands annars vegar og Launaneftndar sveitarfélaga f.h. tiltekinna sveitarfélaga hins vegar. Meðal sveitarfélaganna var Hafnarfjarðarbær. Af hálfu Launaneftndar sveitarfélaga var samningurinn undirritaður með fyrirvara um samþykki viðkomandi sveitarfélaga. Af hálfu Fóstrufélags Íslands var samningurinn undirritaður með fyrirvara um samþykki félagsmanna í viðkomandi sveitarfélögum.

Samningi þessum fylgdu tvær bókanir. Bókun II er svohljóðandi: „Samninganeftnd Fóstrufélags Íslands og Launaneftnd sveitarfélaga eru sammála um að vísa til úrskurðar félagsdóms, hvernig standa ber að atkvæðagreiðslu um kjarasamning aðila á grundvelli laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986, gildandi samþykktu fyrir Fóstrufélag Íslands og gildandi samþykktu fyrir Launaneftnd sveitarfélaga.“

Samningurinn var samþykktur af öllum þeim sveitarstjórnnum, sem aðild eiga að Launaneftndinni.

Samningurinn var borinn undir atkvæði hjá félagsmönnum stefnda í þeim sveitarfélögum, sem eiga aðild að Launaneftnd sveitarfélaga. Niðurstöður atkvæðagreiðslunnar urðu þær, að samningurinn var samþykktur í öllum sveitarfélögum nema Hafnarfjarðarbæ. Þar voru 44 á kjörskrá. Atkvæði greiddu 36, já sögðu 0, nei sögðu 34, auður seðill 1 og ógildur 1. Heildartala þeirra, sem voru á kjörskrá í öllum sveitarfélögum, var 293. Atkvæði greiddu 218, já sögðu 158, nei sögðu 52.

Að mati stefnanda er lítið svo á, að kjarasamningur hafi komist

á milli aðila, með því, að samningurinn hafi verið samþykktur af Hafnarfjarðarbæ og með meiri hluta atkvæða félaga í Fóstrufélaginu, ef atkvæði eru talin sameiginlega hjá fóstrum í öllum sveitarfélögum, sem aðild eiga að Launanefndinni.

Að mati stefnda er lítið svo á, að kjarasamningar hafi stofnast milli Fóstrufélags Íslands og einstakra sveitarfélaga, þar sem annars vegar sveitarstjórnin hefur samþykkt samninginn og hins vegar meiri hluti félagsmanna Fóstrufélags Íslands, sem hjá sveitarfélaginu starfar, hefur samþykkt samninginn. Meiri hluti félaga stefnda, sem starfar hjá Hafnarfjarðarbæ, hafi fellt kjarasamninginn, og því sé enginn kjarasamningur í gildi milli stefnda og Hafnarfjarðarbæjar.

Þessi ágreiningur aðila er hér til úrlausnar.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Af hálfu stefnanda er vísað til ákvæða í 18. gr. laga stefnda, þar sem segir í 4. mgr., að samninganefndir skuli bera nýjan kjarasamning undir atkvæðagreiðslu viðkomandi félagsmanna. Með bréfi stefnda frá 14. janúar 1991 hafi stefnanda verið tilkynnt, að haustþing stefnda hefði gert samþykkt um túlkun á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, þar sem segi, að Fóstrufélag Íslands álykti, að halda beri fast við þá túlkun félagsins um lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986, að greiða skuli atkvæði og telja hjá hverjum vinnuveitanda fyrir sig um kjarasamninga.

Niðurstaða atkvæðagreiðslu skuli gilda gagnvart viðkomandi vinnuveitanda. Samninganefnd Launanefndar sveitarfélaga hafi því mótmælt þessari túlkun í samningaviðræðum um gerð kjarasamninga sama ár. Stefnandi bendir jafnframt á, að í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986 segi ekkert um, hvernig með skuli fara atkvæðagreiðslu eða staðfestingu stéttarfélags á kjarasamningi, og sé því samþykkt þessi á misskilningi byggð og ekki marktæk. Sé hins vegar átt við túlkun á lögum stefnda, væri rétt, að slíkar ályktanir væru gerðar á vofundi fulltrúaráðs félagsins, sem í reynd sé aðalfundur félagsins skv. 8. gr. félagslaga. Á þeim fundi skuli fjalla um lagabreytingar og þá einnig stefnumarkandi túlkun á lögnum. Á haustfundi fulltrúaráðs sé hins vegar mörkuð stefna til skamms tíma, sbr. sömu grein.

Félagið hafi í reynd komið fram sem einn samningsaðili við gerð eins kjarasamnings, og slík tilhögun á atkvæðagreiðslu, sem við-

höfð var, sé andstæð þeirri meginreglu, að einfaldur meiri hluti þeirra, sem samningurinn náí til, taki ákvörðun um gildi hans. Með þeirri aðferð, sem viðhöfð var við talningu atkvæða um samninginn, sé í reynd litið svo á, að um þrjátíu og þrjá kjarasamninga sé að ræða í stað eins. Athygli veki, að í níu sveitarfélögum sé aðeins einn félagsmaður á kjörskrá, og telji stefnandi, að það samrýmist ekki hinu félagslega „kollektíva“ eðli kjarasamningsins, að stéttarfélag geti gert sjálfstæðan kjarasamning fyrir einn starfsmann, sem síðan greiði um hann atkvæði í leynilegri atkvæðagreiðslu. Verði samningurinn felldur af þessum eina stafsmanni, væri eftir skilningi stefnda heimilt að boða verkfall vegna þessa starfsmanns á grundvelli 3. kafla laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna að undangenginni almennri leynilegri atkvæðagreiðslu skv. 15. gr. laganna, þar sem sá hinn sami maður stæði einn á kjörskrá. Með slíku fyrirkomulagi sé ekki um leynilega atkvæðagreiðslu að ræða, og slíkt samræmist ekki meginreglum laga nr. 94/1986 og ekki heldur meginreglum vinnuréttarins. Því beri að líta svo á, að um einn kjarasamning sé að ræða og að samningurinn hafi verið samþykktur í allsherjaratkvæðagreiðslu viðkomandi félagsmanna með 158 atkvæðum gegn 52. Í atkvæðagreiðslu um kjarasamning stefnda og stefnanda frá 2. febrúar 1990 hafi niðurstaða orðið svo, að í Höfðahreppi var einn starfsmaður á kjörskrá, og hann greiddi atkvæði gegn samningunum. Ekki hafi orðið af því frekari eftirmálar, og samningurinn hafi engu að síður komið óbreyttur til framkvæmda á þeim stað gagnvart viðkomandi félagsmanni.

Gerð kjarasamninga sé að öllu leyti í höndum Launanefndar sveitarfélaga gagnvart þeim aðilum, sem nefndinni hafa gefið umboð til gerðar kjarasamnings skv. 5. gr. Sé aðilum, sem slíkt umboð gefi, sbr. 6. gr. samþykkt fyrir Launanefnd sveitarfélaga, óheimilt að hafa afskipti af samningagerðinni án milligöngu launanefndar. Skv. 3. mgr. 4. gr. séu kjarasamningar undirritaðir með fyrirvara um staðfestingu viðkomandi aðila sjálfs, en í því felist, að aðila, sveitarstjórn, sem gefið hafi launanefnd umboð til gerðar kjarasamninga, sé einungis heimilt að samþykkja samning eða hafna, en honum sé óheimilt að gera nokkrar breytingar á gerðum kjarasamningi. Þessi fyrirvari breyti engu um, að líta beri á Launanefnd sveitarfélaga sem einn samningsaðila, sem í tilfelli því, sem hér um ræðir, hafi gert einn kjarasamning við stefnda,

en ekki 33 samninga, eins og leiða myndi af túlkun stefnda, yrði hún lögð til grundvallar.

Í lögum nr. 94/1986 sé ekki að finna nein ákvæði um atkvæðagreiðslu félagsmanna um kjarasamning, og slík ákvæði sé eigi að finna heldur í lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Í 9. gr. laga nr. 33/1978 um sáttastörf í vinnudeilum sé hins vegar að finna ákvæði um atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu ríkissáttasemjara. Samkvæmt 1. mgr. sé heimilt, að atkvæðagreiðsla taki eingöngu til sérstakrar deildar eða starfsgreinar, en það sé þó einungis heimilt, ef ágreiningur snerti aðeins viðkomandi deild eða starfsgrein. Ákvæði 9. gr. gangi að öðru leyti í þá veru, að heimilt sé sáttasemjara að ákveða, að atkvæðagreiðsla taki eingöngu til sérstakrar deildar eða starfsgreinar, en það sé þó einungis heimilt, ef ágreiningur snerti aðeins viðkomandi deild eða starfsgrein. Ákvæði 9. gr. gangi að öðru leyti í þá veru, að heimilt sé sáttasemjara að ákveða, að atkvæðagreiðsla og talning atkvæða fari fram í sameiningu hjá fleiri félögum eða samböndum, sem miðlunartillagan nær til. Jafnvel sé heimilt skv. 4. mgr. 9. gr. að efna til sameiginlegrar atkvæðagreiðslu, þótt fleiri en ein miðlunartillaga sé borin fram. Miðlunartillaga jafngildi kjarasamningi með þeim hætti, að kjarasamningur teljist kominn á, sé miðlunartillaga samþykkt. Því sé rétt við atkvæðagreiðslu um kjarasamning að hafa hliðsjón af ákvæðum 9. gr. laga nr. 33/1978, en þar sé meginregla, að heimilt sé, að atkvæðagreiðsla nái til fleiri, jafnvel óskyldra aðila, en aldrei sé heimilt að skipta stéttarfélagi í fleiri einingar við talningu atkvæða.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er á því byggt, að ekki hafi stofnast kjarasamningur milli Launanefndar sveitarfélaga annars vegar og Fóstrufélags Íslands hins vegar f.h. allra félaga stefnda, sem starfa hjá sveitarfélögum, sem aðild eiga að Launanefnd sveitarfélaga.

Stefndi telur, að stofnast hafi kjarasamningur milli Fóstrufélags Íslands og einstakra sveitarfélaga fyrir hönd þeirra félaga í stefnda, sem starfa hjá viðkomandi sveitarfélögum. Kjarasamningarnir séu því margir, en sama efnis. Þannig hafi stofnast sérstakur kjarasamningur við Akureyrarbæ, Keflavík o.s.frv. Þetta gildi þó ekki milli stefnda og Hafnarfjarðarbæjar, því að þótt Hafnarfjarðarbær hafi samþykkt samninginn fyrir sitt leyti, þá hafi meiri hluti félags-

manna stefnda, sem starfa hjá Hafnarfjarðarbæ, felld samninginn. Þessi niðurstaða eigi beina lagastöð í 1. mgr. 23. gr. laga nr. 94/1986, en þar segi, að ákvarðanir um kjarasamninga verði einungis teknar af þeim, sem starfi hjá þeim vinnueitanda eða vinnuveitendum, sem samningurinn tekur til.

Ef um einn samning hefði verið að ræða, hefði þurft að taka afstöðu til hans sameiginlega af öllum þeim sveitarfélögum, sem samningurinn nær til. Það hafi ekki verið gert, heldur hafi sveitarfélögin tekið afstöðu til samningsins hvert í sínu lagi, þ.e. þau hafi haldið valdinu til kjarasamningsgerðar hvert hjá sér.

Kröfugerð stefnanda sé í andstöðu við lög nr. 94/1986. Í 3. mgr. 3. gr. laganna komi fram, að sveitarstjórnir fari með fyrirvar sveitarfélaga, að því er varðar kjarasamninga við starfsmenn sína. Þetta sé grundvallarregla, sem gildi, ef ekki er beinlínis vikið frá henni með löglegum hætti. Í 4. mgr. sömu greinar sé heimild til sveitarfélaga til þess að hafa með sér tiltekna samvinnu um samningsgerð. Launanefnd sveitarfélaga sé vettvangur sveitarfélaganna fyrir þessa samvinnu. Heimild Launanefndar sveitarfélaga til þess að gera kjarasamning sé m.a. háð því lögbundna skilyrði, að sveitarstjórnirnar gefi launanefndinni endanlegt samningsumboð sitt. Það hafi ekki verið gert. Ákvörðunarrétturinn um kjarasamninginn sé hjá einstökum sveitarstjórnnum. Hlutverk launanefndarinnar sé einungis að annast samningsgerðina fyrir hvert og eitt sveitarfélag, en sveitarstjórnirnar taki ákvörðun hver fyrir sig. Launanefndin geti þannig ekki gert kjarasamning fyrir einstök sveitarfélög án eftirfarandi staðfestingar þeirra á samningnum.

Hlutverk launanefndarinnar samkvæmt samþykktum hennar sé ljóslega fyrst og fremst að samræma afstöðu sveitarfélaganna innbyrðis gagnvart stéttarfélögum í kjarasamningsgerðinni til þess að reyna að draga úr líkum á því, að kjör starfsmanna í einstökum stéttarfélögum verði mismunandi eftir því, hjá hvaða sveitarfélagi launþegarnir starfa. Slíkur mismunur á kjörum sé líklegur til þess að kalla á stöðugar kröfur um leiðréttingu kjara hjá þeim sveitarfélögum, sem ekki greiða hæstu laun til hverrar stéttar fyrir sig.

Stefndi telur ljóst, að umboð Hafnarfjarðarbæjar til Launanefndar sveitarfélaga nái einungis til þess að taka þátt í viðræðum um kjarasamning, en ekki til þess að gera slíkan samning. Þetta sé í góðu samræmi við hlutverk launanefndarinnar, eins og það

komi fram í 2., 4. og 5. gr. samþykkt Launaneðndar sveitarfélaga. Í fram lögðu bréfi Hafnarfjarðarbæjar til Launaneðndar sveitarfélaga, dags. 8. október 1991, komi fram, að ósk stefnda um viðræður um nýjan kjarasamning var afgreidd af bæjarráði Hafnarfjarðar „til umfjöllunar“ hjá Launaneðnd sveitarfélaga.

Af frágangi kjarasamningsins frá 12. ágúst 1992 megi ljóst vera, að verið sé að gera marga kjarasamninga, sem séu eins að efni til. Í upphafi komi fram, að samningurinn (samningarnir) sé milli stefnda annars vegar og Launaneðndar sveitarfélaga hins vegar f.h. tiltekinna sveitarfélaga, sem öll eru talin upp. Á venjulegu máli þýði þetta, að stéttarfélagið sé að gera samninga við hvert sveitarfélag fyrir sig, en ekki þann aðila, sem kemur fram fyrir þeirra hönd án umboðs til þess að ganga frá endanlegum kjarasamningi.

Þetta komi enn skýrar fram í aðgangsorðum undirskriftar samningsins, þar sem tekið er fram, að Launaneðnd sveitarfélaga geri samninginn með fyrirvara um samþykki viðkomandi sveitarfélaga og stefndi undirriti með fyrirvara um samþykki félagsmanna í viðkomandi sveitarfélögum.

Stefndi telur augljóst, að stefnanda hafi verið eða mátt vera það ljóst, að stefndi hafi talið sig vera að gera kjarasamning fyrir hvert sveitarfélag fyrir sig fyrir hönd þeirra félagsmanna sinna, sem þar starfi.

Kjarasamningur Launaneðndar sveitarfélaga og stefnda frá 1990 hafi verið undirritaður með sama hætti og nú. Stefndi hafi borið samninginn undir atkvæði hjá félagsmönnum í hverju sveitarfélagi fyrir sig og tilkynnt launaneðndinni niðurstöðu atkvæðagreiðslu í hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Það sé meginregla í vinnurétti, að stéttarfélögum sé frjálst að móta eigin reglur í sínum málum, svo lengi sem reglurnar séu ekki í andstöðu við ófrávíkjanlegar réttarreglur. Stefndi hafi því ákvörðunarvald um það, hvernig staðið sé að gerð kjarasamninga, svo lengi sem það stangist ekki á við slíka réttarreglu. Samkvæmt 18. gr. laga stefnda sé heimilt og beinlínis skylt að afgreiða kjarasamninga með þeim hætti, sem gert var. Engin ófrávíkjanleg réttarregla banni slíka framkvæmd. Þessi framkvæmd eigi reyndar beina stöð í 1. mgr. 23. gr. laga nr. 94/1986, sbr. 3. mgr. 3. gr. sömu laga.

Málkostnaðarkrafa stefnda er rökstudd með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Varðandi gagnkröfuna er tekið fram af hálfu stefnda, að ólíklegt megi telja, að sýknukrafan feli í sér gagnkröfuna, og því sé hún óþörf. Gagnkrafan sé gerð til þess að taka af allan vafa, ef dómur fellur stefnda í hag. Kröfugerð stefnanda sé eðli málsins samkvæmt flókin og háð mati á nokkrum skilyrðum auk spurningarinnar um aðild í kjarasamningum sveitarfélaga við stefnda. Gagnkrafan breyti ekki grundvelli málsins, eins og stefnandi hafi lagt hann. Því ætti þessi krafa ekki að kalla á nýja greinargerð af hans hálfu. Gagnkrafan feli í sér neikvæða viðurkenningarkröfu um, hvort tiltekið ástand sé fyrir hendi. Slík kröfugerð sé heimil skv. 2. tl. 26. gr. laga nr. 94/1986 og samkvæmt 2. tl. 25. gr. laga nr. 91/1991.

Niðurstaða.

Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1986 fara sveitarstjórnir með fyrirvar sveitarfélags síns, að því er varðar kjarasamninga við starfsmenn sína. Samkvæmt 4. mgr. sömu greinar geta sveitarstjórnir falið sameiginlegri nefnd samningsumboð sitt. Þegar litið er til hlutverks Launaneftndar sveitarfélaga, eins og því er lýst í samþykktum fyrir nefndina, sem samþykktar voru 1. júlí 1991, og svo þess, sem fram kemur í fram lagðri fundargerð bæjarráðs Hafnarfjarðar frá 3. september 1992, þykir bera að líta svo á, að launaneftndin reki mál þetta vegna Hafnarfjarðarbæjar.

Upphaf kjarasamnings þess, sem undirritaður var á milli stefnda og Launaneftndar sveitarfélaga f.h. tiltekinna sveitarfélaga 12. ágúst 1992, er svohljóðandi:

„Kjarasamningur milli Fóstrufélags Íslands og Launaneftndar sveitarfélaga f.h. eftirtalinna sveitarfélaga:“ Síðan eru talin upp 37 sveitarfélög.

Samningur þessi var undirritaður af beggja hálfu með eftirtöldum fyrirvörum:

„F.h. Launaneftndar sveitarfélaga með fyrirvara um samþykki viðkomandi sveitarfélaga.“

„F.h. Fóstrufélags Íslands með fyrirvara um samþykki félagsmanna í viðkomandi sveitarfélögum.“

Það er óumdeilt og í samræmi við 4. gr. samþykktar fyrir Launaneftnd sveitarfélaga, að kjarasamningar eru háðir staðfestingu viðkomandi aðila sjálfs, til þess að þeir öðlist gildi gagnvart honum. Þannig gat hvert einstakt sveitarfélag felld samninginn fyrir sitt leyti, enda þótt hann stæði hjá öðrum sveitarfélögum. Ekki skiptir máli

í því sambandi, hversu margir félagar í stefnda kynnu að vera starfsmenn hlutaðeigandi sveitarfélags.

Eins og málið liggur fyrir, hefur ekki verið sýnt fram á, að túlka beri fyrirvara stefnda við undirritun kjarasamningsins á annan veg en fyrirvara stefnanda, þ.e. að um sé að ræða samþykki fóstura, sem starfa í viðkomandi sveitarfélagi, þ.e. hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Þegar til þessa er litið, þykir með vísan til jafnræðis aðila svo og 23. gr. laga nr. 94/1986 bera að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu, og um leið er viðurkennt, að ekki sé í gildi kjarasamningur milli Fóstrufélags Íslands og Hafnarfjarðarbæjar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Fóstrufélag Íslands, er sýkn af kröfum stefnanda, Launanefndar sveitarfélaga vegna Hafnarfjarðarbæjar, í máli þessu.

Ekki er í gildi kjarasamningur milli Fóstrufélags Íslands og Hafnarfjarðarbæjar.

Málskostnaður fellur niður.
